



Óvænt hækkun ársverðbólgu í janúar

Vísitalan lækkaði um 0,09% milli mánaða og er ársverðbólgan nú 2,4% sem er rétt undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans. Ársverðbólgan í desember var 1,9%. Þetta var mun minni lækkun vísitölunnar milli mánaða en við bjuggumst við, en við spáðum 0,5% lækkun milli mánaða. Það að ársverðbólgan fari yfir 2% eru talsverð tíðindi en hún hefur verið undir 2% síðan í mars 2016.

Reiknuð húsaleiga kom verulega á óvart


Af einstökum liðum vísitölunnar kom mæling Hagstofunnar á reiknaðri húsaleigu mest á óvart. Mælingin sýndi 0,9% hækkun. Við höfðum spáð óbreyttu gildi en þarna er um að ræða óvenjumikið frávik.

Milli mánaða þá hækkandi fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um 0,6%, sérþýli á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 2,0% og verð fasteigna utan höfuðborgarsvæðisins hækkandi um 5,4% milli mánaða. Þessi verulega hækkun milli mánaða á markaðsverði íbúðaverðs utan höfuðborgarsvæðisins kemur í kjölfar 3,2% lækkunar milli mánaða í desember.

Áhrif á VNV


Áhrif einstakra undirliða á VNV	Mæling Hagstofu	Spá okkar
Reiknuð húsaleiga	0,19%	0,00%
Húsn. án reikn. húsaleigu	0,19%	0,12%
Bensín	0,07%	0,06%
Matur og drykkjarv.	0,06%	0,09%
Hótel og veitingast.	0,03%	0,04%
Áfengi og tóbak	0,03%	0,06%
Aðrar vörur og þjónusta	0,02%	0,04%
Kaup ökutækja	0,01%	-0,05%
Ferðir og flutningar - annað	0,01%	0,01%
Heilsa	0,01%	0,00%
Menntun	0,00%	0,00%
Póstur og sími	0,00%	-0,01%
Tómst. og menning	-0,03%	-0,04%
Flugfargjöld til útlanda	-0,10%	-0,08%
Húsgögn og heimilisb.	-0,23%	-0,29%
Föt og skór	-0,35%	-0,42%
Alls	-0,09%	-0,47%

Vísitala markaðsverðs íbúðarhúsnæðis



Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Mánaðarbreyting VNV í janúar




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Mestu áhrif til breytingar á VNV milli mánaða:

- Vetrarútsölur hafa þau áhrif að **föt og skór** lækka alla jafna milli mánaða í janúar. Lækkunin að þessu sinni var aðeins minni en við bjuggumst við.
- Svipaða sögu er að segja af **húsgögnum og heimilisbúnaði** sem lækkuðu aðeins minna milli mánaða en við bjuggumst við.
- **Flugfargjöld til útlanda** hækkuðu um 9,0% milli mánaða sem er svipað og síðustu ár.
- **Bensín og díselolía** hækkuðu um 3,6% milli mánaða, aðallega vegna breytinga á bensín- og olúgjaldi.
- **Húsnæðisliðurinn án reiknaðrar húsaleigu** hækkaði vegna gjaldskrárhækkana.
- Eins og fram kom að ofan hækkaði **reiknuð húsaleiga** langt umfram væntingar okkar.




Heimild: Hagstofa Íslands


Dregur úr líkum á vaxtalækkun

Viðbrögð á skuldabréfamarkaði voru veruleg, en krafan á óverðtrygðum ríkisbréfum hækkaði meðan krafan á verðtrygðum ríkisbréfum lækkaði. Verðbólguálag mælt sem munur á RIKS21 og RIKB20 hækkaði um 0,3 prósentustig.


Þetta er seinasta mæling á VNV sem peningastefnunefnd mun hafa til skoðunar við næstu vaxtaákvörðun. Þessi mæling dregur augljóslega úr líkum þess að nefndin lækki vexti þá, en næsta ákvörðun verður birt miðvikudaginn 7. febrúar.



Heimild: Hagstofa Íslands



Staða 19:30. Heimild: Kodiak



Heimild: Hagstofa Íslands,



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.